

LV-2017-095



Landsvirkjun



Umhverfishópur Landsvirkjunar

Skýrsla sumarvinnu 2017

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2017-095

Dags: Nóvember 2017

Fjöldi síðna: 20

Upplag: 4

Dreifing:

- ☐ Birt á vef LV
- ☒ Opin
- ☐ Takmörkuð til

Titill: Umhverfishópur Landsvirkjunar. Skýrsla sumarvinnu 2017

Höfundar/fyrirtæki: Hlynur Hugi Jónsson, Ríkarður Már Ellertsson og Þórdís Ylfa Viðarsdóttir

Verkefnisstjóri: Þóra María Guðjónsdóttir

Unnið fyrir: _____

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Í skýrslunni er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem unnin voru í Umhverfishópi Landsvirkjunar sumarið 2017. Stutt úttekt er á hverju verkefni fyrir sig ásamt magntölum. Verkefnin sem hópurinn vann eru undir merkjum samfélagsverkefnisins "Margar hendur vinna létt verk"

Lykilorð: Sumarvinna, Unglingar, Umhverfismál, Margar hendur vinna létt verk, Skógrækt, Landgræðsla

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Umhverfishópur Landsvirkjunar

Skýrsla sumarvinnu 2017



Nóvember 2017

Efnisyfirlit

Umhverfishópur	2
Undirbúningur og fyrstu dagarnir	3
Specialisterne	3
Heiðmerkurhópurinn.....	5
Hafnarfjarðarhópurinn	8
Flökkuhópurinn	12
Námskeið og viðburðir	15
Athugasemdir eftir sumarið	17
Nafnalisti.....	20

Umhverfishópur

Sumarið 2017 störfuðu 3 verkstjórar og 44 unglingar (21 stelpur og 23 strákar) auk 8 aðila frá Specialisterne (sjá aftar í skýrslu) í Umhverfishópi Landsvirkjunar sem staðsettur er í nærumhverfi Reykjavíkur. Alls bárust 327 umsóknir um sumarstarf unglinga hjá Landsvirkjun, þar af sóttu 122 um starf í Reykjavík. Vinnutímabilið í sumar var rúmar 9 vikur, frá 1. júní til 4. ágúst.

Umhverfishópnum var skipt í þrennt líkt og undanfarin sumur. Einn hópur starfaði í Heiðmörk í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur, annar hópur við Hvaleyrarvatn í samstarfi við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og sá þriðji vann smærri verkefni í samstarfi við ýmsa aðila. Öll verkefni sumarsins voru unnin undir merkjum samfélagsverkefnisins *Margar hendur vinna létt verk* en þar gefst félagasamtökum, sveitarfélögum og stofnunum kostur á að óska eftir samstarfi við sumarvinnuflokka Landsvirkjunar.

Í þessari skýrslu má lesa um verkefnin sem unnin voru, fræðast um hópana og hvar þeir lögðu hönd á plóg í sumar.

Þóra María Guðjónsdóttir, sérfræðingur á starfsmannasviði, hafði umsjón með starfsemi umhverfishópsins í sumar.

Undirbúningur og fyrstu dagarnir

Undirbúningur fyrir sumarvinnu byrjaði viku áður en krakkarnir hófu störf. Haldinn var fundur með öllum verkstjórum þar sem farið var yfir áætlun sumarsins. Verkstjórar sáu um almennan undirbúning, þ.e. skipta starfsmönnum í hóp, kaupa fatnað og undirbúa möppur. Notast var við *Handbók fyrirmýndarverkstjórans* sem sett var saman í lok sumars 2015 af Þórdísi Ylfu eftir punktum frá Elvari Sigurgeirssyni.

Dagana 23. og 24. maí fóru hópstjórar og verkstjórar á námskeiðið *Ungir stjórnendur* undir leiðsögn Steinunnar Stefánsdóttur frá Starfsleikni. Meira er fjallað um námskeiðið seinna í skýrslunni.

Fyrsta dag vinnutímabilsins, 1. júní, mættu starfsmenn umhverfishópsins upp á Háaleitisbraut klukkan hálf níu. Verkstjórar héldu kynningu á sumarstarfinu og aðstoðarverkstjórar og hópstjórar voru kynntir. Næst mætti hjúkrunarfræðingur frá Vinnuvernd og hélt námskeið í skyndihjálp. Hópurinn fékk mat í mötuneyti Landsvirkjunar eftir að hafa valið sér vinnufatnað.



Specialisterne

Landsvirkjun tók þátt í tilraunarverkefni með samtökunum Specialisterne og einhverfudeild MK sumarið 2017. Samtökin vinna með einstaklingum á einhverfurófinu. Helsta markmið þeirra er að koma þessum einstaklingum á vinnumarkaðinn og þá í störf sem henta þeim hvað best. Átta strákar komu til starfa til Landsvirkjunar í sumar. Þeir hófu störf 14. júní en fyrirkomulagið var þannig að tveir unnu samtímis annan hvern dag og svo aðrir tveir hina dagana til að dreifa álaginu.

Tilraunaverkefnið var til þess að kanna hvort að áframhaldandi samstarf væri mögulegt og þá hvernig þessir nýju starfsmenn og aðrir starfsmenn Landsvirkjunar ynnu saman. Ferlið var lærdómsríkt og heppnaðist verkefnið almennt vel. Hins vegar fannst verkstjórum oft á köflum erfitt að eiga við einstaklingana samhliða því að stjórna stórum hópi unglinga. Verkstjórar hafa því komið með tillögu að breytingum á fyrirkomulagi. Oft fór mikill tími verkstjóra í sérþarfir þessara einstaklinga og gæti því verið þægilegra að hafa aðeins einn í einu og þá jafnvel í afmarkaðari tíma. Margir þeirra sem komu til starfa væru flott viðbót í sumarstarfið næsta ár en einnig kom í ljós að starfið var ekki fyrir alla. Hægt er að sjá nánari lýsingu í starfsmannaskýrslunni.

Heiðmerkurhópurinn

Heiðmerkurhópurinn starfar í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Þetta árið skipuðu hópurinn 21 starfsmaður auk verkstjóra. Verkstjóri var Hlynur Hugi Jónsson, aðstoðarverkstjóri var Hrefna Ásgeirsdóttir og hópstjórar voru Daníel Már Guðmundsson og Þóra Óskarsdóttir. Vegna fjölda yfirmanna var hægt að skipta hópnum í smærri einingar og leysa fleiri verkefni samtímis. Heiðmörk er gríðarstórt svæði eða um 3000 ha og er því nóg af verkefnum að velja úr.

Vinnuandi

Það komu margir nýir starfsmenn inn í Heiðmerkur hópurinn, þar á meðal nýr verkstjóri. Það heppnaðist vel að innleiða nýja starfsmenn og tóku all flestir vel í þau. Vinnuandi var almennt góður, en upp kom eitt atvik þar sem verkstjóri og starfsmaður áttu í deilu. Leyst var úr þeim vanda með afsökunarbeiðni frá verkstjóra. Mikið var um hópefli innan hópsins, nafnaleikir voru tíðir þegar nýjir bættust í hópurinn,



þegar vel viðraði fór verkstjórinn að kaupa ís handa hópnum, hópurinn grillaði við vinnuskúr sinn í Þverhjalladal og starfsmenn voru almennt ánægð með starf sitt.

Vinnuaðstaða

Hópurinn fékk, líkt og á fyrri árum, tvo skúra sér til afnotkunar. Annar þeirra hafði það hlutverk að geyma verkfæri og hlífðarföt og hinn var til staðar sem aðstaða til að borða í matarhléum. Vinnuskúrunum fylgdu margir lyklar, en nýverið var búið að skipta um lyklaskrárnar og því fylgdu aukalyklar. Síðar um sumarið var einum skúr skipt út en þá fékk verkstjórinn fleiri lykla, sem oft leiddi til ruglingslegra leita. Á einum tímapunkti fór lás matarskúrsins í baklás, með öllum starfshópnum innanverðum. Heppilegt var að hópurinn var í símasambandi og gat því verið í sambandi við verkstjóra, sem þá var staðsettur í H68 og þurfti að bruna uppeftir til þess að koma þeim til aðstoðar. Vandamálið með þann lás var leyst samdægurs og ný skrá var sett í skúrinn, atvikið endurtók sig ekki.

Gróðursetning og stígagerð

Helstu verkefni sumarsins voru líkt og áður, stígagerð og gróðursetning. Gróðursetningin fór fljótt og vel af stað. Hópurinn sýndi mikinn dugnað við plöntun trjáa, en þeim sem voru nýir innan hópsins var kennt að planta, af bæði hópstjórum og starfsmönnum sem höfðu unnið slíkt starf áður. Hópurinn notaðist mest við svokallað „Grid-Kerfi“, en slíkt kerfi er notað af flestum „plönturum“. Kerfið er afar auðvelt, en afar skilvirkt. Plantað er í ferhyrninga, 2x2, 3x3, 4x4 o.s.frv. Einnig var innleitt skipulag til þess að minnka göngufjarlægð milli plöntunarsvæða og plöntulagers, en vinnustöðvar voru settar út á svæðin og kom það skipulag vel út. Alls var plantað á fjórum svæðum. Fyrst var plantað við svæði sem kallast Silungapollur og síðar var farið á svæði sem heitir Þingnes. Þar á eftir fór hópurinn að Strípshrauni og síðasta svæðið sem var plantað á heitir Þverhjalladalur.

Tæplega 117.000 plöntur voru gróðursettar þetta sumarið, þar af mest af birki, stafafuru og bæði Sitka- og blágreni. Staðsetning plantnanna og stærð svæðis sem plantað var á var síðan rakin með GPS tracker. Það er gott að minna á þennan þátt í byrjun sumars, því hann er afar mikilvægur og erfitt er að gera hann á nákvæman hátt eftir sumarið, en slíkt fyrirkomulag boðar ónákvæm vinnubrögð og til lengri tíma litið, verra skipulag fyrir Skógræktina. Á fundi, milli verkstjóra LV og starfsmanna Skógræktarinnar, sem var haldinn í byrjun sumars, var rætt um fyrirkomulag sumarsins, en verkstjóri LV kom með þá uppástungu að fá fjölbreyttari verkefni yfir sumarið, það var vel tekið í þá uppástungu og munnlegur samningur gerður. Samningurinn hljómaði svo að ef að plöntun gengi vel og flest lauftré sem Skógræktin hefði myndu verða plöntuð, myndi hópurinn fá að vinna í stígagerð í júlí. Þessi samningur var virtur og hópurinn hélt í stígagerð í júlí. Þess má geta að plöntunin hætti ekki algjörlega, heldur minnkaði talsvert. Stígagerðin gekk afar vel, en báðir stígar sem gerðir voru, voru gerðir frá grunni. Annar stíganna er ennþá ókláraður, en hann er staðsettur í Strípshrauni, og á hann að tengja saman syðri hluta Svartakrika og nyrðri hluta Brandskrika, áætlað var að tengja stíginn við Landmannaslóð, en hópurinn var færður inn í Þverhjalladal á síðustu þrem vikum sínum í Heiðmörk og því var ekki æskilegt að klára þann stíg, alls voru gerðir 400m af stíg þar. Í Þverhjalladal var byrjað á nýjum göngu-, hjóla og skíðastíg og var hann kláraður á síðustu dögum sumarsins, alls var sá stígur 330m langur. Alls notaði hópurinn 40 tonn af grús (Möl) í 730m af stíg.

Þrif og önnur verkefni

Heiðmörk er mjög vinsæll útivistarstaður og mikið heimsóttur um helgar. Eitt vinsælasta verkefni sumarsins er hinn svokallaði ruslahringur. Hann er jafnan farinn tvisvar í viku þar sem starfsmenn hreinsa grill á fimm áningarstöðum og tæma ruslatunnur. Auk þess tína þeir



rusl sem fólk hefur skilið eftir sig á útivistarsvæðum og meðfram vegum. Í tilefni þess að Skógræktin hélt Skógarleikana í Heiðmörk í þriðja sinn var hópurinn beðinn um að hjálpa Skógræktinni með undirbúning og hátíðarhöld á hátíðinni í Furulundi. Sextán starfsmenn voru fengnir til að vinna á skógarleikunum, sem var á laugardeginum 1. júlí, vel var tekið í þá hjálp sem LV veitti Skógarleikunum og Skógræktin sýndi þakklæti sitt með tveim grillveislum fyrir hópinn.

Í sumar veitti hópurinn Skógræktinni aðstoð með kennslu í skógrækt, en í því fólst að kenna hópum af 7-8 ára börnum frá frístundaheimilum að planta. Meðal annarra verkefna voru almennt viðhald og fegrun umhverfisins, rakstur á túnum og aðstoð í skógræktarmiðstöðinni.

Magntölur

Plöntutegund:	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Reynir	Víðir	Samtals
Fjöldi:	42.813	39.061	15.750	8.174	5.280	3.255	2.340	116.673

Í stígargerð var notað um það bil 25m³ af möl, eða u.þ.b 4000kg.

Umsögn

„Ungmennin leggja mikið af mörkum við uppbyggingu og rekstur Heiðmerkur. Starfshópurinn er vel skipulagður. Eftirtektarvert hefur verið hvað flokksstjórar hafa stjórnað hópnum röggssamlega og af góðri verkkunnáttu. Ungmennin hafa reynst harðdugleg og hafa skilað góðu og vönduðu verki af metnaði.“

Við hjá Skógræktarfélaginu erum mjög þakklát framlagi Landsvirkjunar og vonumst til að verkefnið haldi áfram um ókomin ár.“

Hafnarfjarðarhópurinn



Hópurinn í Hafnarfirði sumarið 2017 samanstóð af 29 starfsmönnum og þar af tveimur hópstjórum. Verkstjóri var Ríkarður Már Ellertsson. Hópstjórar voru Gunnar Sigurðsson og Bjarki Rósantsson. Líkt og árin áður var unnið í samstarfi við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar. Hópurinn hafði aðstöðu í húsi félagsins, Þöll. Verkefni sumarsins sneru að mestu leyti að gerð og viðhaldi göngustíga á svæði Skógræktarfélagsins ásamt gróðursetningu, slætti og viðhaldi á beðum í kringum Þöll.

Göngustígagerð

Stór hluti sumarsins fór í að endurbæta göngustíga víðsvegar á svæðinu, þar sem svæðið er víðfarið og vinsæll útivistarstaður. Einnig höfðu stígarnir næst Hvaleyrarvatni legið undir vatni snemma sumars vegna hækkunar á yfirborði Hvaleyrarvatns. Hækka þurfti þessa stíga til muna. Þá þurfti fyrst að finna til grjót í réttum stærðum og svo bera það með hjólbörum í stígana. Steinunum var raðað þétt saman sitt hvoru megin stígar þannig að þeir sátu vel hvor við annan og í jörðu. Því næst voru hjólbörur notaðar til að bera þykkt lag af möl á milli grjótsins og það traðkað niður til að þétta vel. Að lokum var keyrt annað lag af möl yfir og stígurinn fullmótaður með hrífum.



Einnig var gengið í að búa til göngustíg frá grunni en hann lá í gegnum lúpínubreiðu. Þá var hún slegin niður með sláttuorfi og látin þorna upp áður en hjólböru-malarvinnan hófst. Fjölmargir aðrir stígar á svæðinu hlutu aðhlynningu en þá var einfaldlega borin meiri möl í þá. Í þessa stíga fóru um 300 tonn af möl.



Skátar

Dagana 26.-28. júlí komu skátar, frá alþjóðlega skátamótinu sem haldið var á Íslandi um sumarið, til Hvaleyrarvatns. Þeir voru komnir til að vinna sjálfboðavinnu, sem var hluti af skátamótinu. Allt í allt komu um 180 skátar í 6 einingum og unnu í þrjá tíma í senn. Verkstjóri Landsvirkjunarhópsins og starfsmenn Skógræktarinnar skiptu skátahópunum á milli sín þannig að hver var með umsjón yfir 10 – 20 skátum í senn. Þeir unnu gott verk og hjálpuðu aðallega við stígagerð og gróðursetningu. En á þessum dögum kláruðust auka 180 tonn af möl. Samtals var því 480 tonnum af möl keyrð í göngustíga í Hafnarfirði í sumar.

Arfahreinsun, gróðursetning og sláttur

Runna- og rósabeðum í kringum Þöll var viðhaldið með arfatínslu yfir sumartímann. Í ár var reynt að fyrirbyggja vöxt arfa í stærsta beðinu með því að þekja það með viðarspæni. Forvitnilegt verður að vita hvort það muni hafa einhver áhrif á næsta ári. Einnig voru gamlir stígar í Rósagarðinum við Þöll arfahreinsaðir. Slegið er í kringum Þöll og meðfram eldri stígum á svæði Skógræktarfélagsins á hverju sumri og sums staðar oft en einu sinni. Engin undantekning var á því í sumar og eins og fram kom hér að ofan þá var einnig slegið fyrir nýjum stígum. Minna var um gróðursetningu í



Hafnarfirðinum en í Heiðmörk eins og flest sumur. Þó var 6 dögum sumarsins eytt í að planta 31.773 plöntum sem samanstóð af Alaskaösp, Gulvíði, Sitkagreni og Ilmreyni.

Gróðursettar plöntur í Hafnarfirði sumarið 2017:

Plöntutegund	Alaskaösp	Gulvíðir	Ilmreynir	Sitkagreni	Samtals
Fjöldi	24.448	1.700	2.625	3.000	31.773

Ruslahringur og viðhald grilla

Svæðið í kringum Hvaleyrarvatn er mjög vinsælt útivistarsvæði og í góðviðri, eins og var í sumar, er umgangur þar mikill. Þar er góð aðstaða til að grilla og meðal annars liggur göngustígur í kringum vatnið. Nokkrar ruslatunnur eru á svæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, þar á meðal við vatnið og í Kaldárseli. Sumarvinnuhópurinn aðstoðaði félagið við að hirða rusl á útivistarsvæðinu og viðhalda því með því að losa tunnurnar og moka notuð kol úr grillunum.



Starfsmannahópurinn

Starfsmannaandinn í Hafnarfirðinum var einstaklega góður í sumar. Vel var tekið á móti 14 nýjum

starfsmönnum í byrjun sumars og þeir voru fljótir að aðlagast og setja sinn svip á hópinn. Tvö hópefli voru haldin í Heiðmörk um mitt sumarið og hjálpaði það þeim enn meira við að kynnast. Einnig var spilaður körfubolti og fótbolti við tækifæri á sólríkum dögum. Þrátt fyrir mis skemmtilegt veður í sumar létu starfsmenn Landsvirkjunar það lítið á sig fá og unnu verk með dugnaði og samviskusemi. Lokadagurinn var haldinn í síðustu vinnuvikunni þar sem hópurinn gerði sér glaðan dag og fór í fótbolta og körfubolta og svo út að borða.



Umsögn

„Hópurinn í sumar var einstaklega framtakssamur og viljugur til allra verka. Á heildina lítið gekk starfið mjög vel og samskipti og verkstjórn Ríkarðs var til fyrirmyndar. Fyrir hönd Skógræktarfélags Hafnarfjarðar vil ég þakka sérstaklega fyrir samstarfið í ár og vona svo sannarlega að áframhald verði þar á.“

Flökkuhópurinn

Verkstjóri flökkuhópsins sumarið 2017 var Þórdís Ylfa Viðarsdóttir. Í hverri viku komu 6-8 starfsmenn úr Heiðmörk og Hafnarfirði í flökkuhóp, 3-4 úr hvorum hóp. Reynt var að hafa einn hópstjóra með í hverri viku. Starfað var á ýmsum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess. Flökkuhópurinn fékk til afnota Toyota Hiace frá Bílaleigu Akureyrar sem var í senn nestisaðstaða og geymsla fyrir föt, skó og verkfæri þegar annað var ekki í boði. Hér að neðan má finna nánari lýsingu á verkefnum.

Þó að sumarið hafi gengið vel má alltaf bæta skipulagið og verkstjórar ræddu breytt fyrirkomulag á flökkuhópnum. Ein hugmynd væri að skipuleggja fyrirfram ákveðna hópa í byrjun sumars, þar sem aðilar eru valdir handahófskennt með tilliti til aldursdreifingar og reynslu.

Golfklúbburinn á Vatnsleysuströnd

6.-7. júní, 9.-13. júní, 31. júní – 3. ágúst

Flökkuhópurinn fór á golfklúbbinn á Vatnsleysuströnd þrisvar yfir sumarið. Þar biðu ýmis verkefni eins og að snyrta sandgryfjur, slá gras, snyrta gangstétt, tína golfkúlur og fleira tilfallandi. Salernisaðstaða var á staðnum og fengu starfsmenn að borða nesti í golfskálanum. 3. ágúst var haldin grillveisla í golfskálanum. Starfsmenn



Landsvirkjunar fengu alltaf hlýjar móttökur á Vatnsleysuströnd og samstarfið gekk vel.

Golfklúbburinn í Sandgerði

8. júní, 26. júní, 25. júlí



Í sumar heimsótti flökkuhópurinn golfklúbbinn í Sandgerði þrisvar sinnum, einn dag í senn í hvert skipti. Íbúar Sandgerðis fóru í átak í sumar þar sem unnið var að því að gera fjöruna snyrtilega. Flökkuhópurinn aðstoðaði við það verkefni og tindi rusl úr fjörunni við golfvöllinn. Önnur verkefni voru að snyrta sandgryfjur og mála staura, bekki og skilti. Í hvert skipti sem

starfsmenn Landsvirkjunar störfuðu í Sandgerði bauð golfklúbburinn upp á hádegismat. Samstarfið var mjög gott og starfsmenn golfklúbbsins voru mjög vinalegir.

Ásmundasafn

14.-16. júní og 3.-7. júlí

Ferðinni var haldið í Ásmundarsafn tvisvar sinnum í sumar. Verkefnin sem þar biðu voru að hreinsa arfa úr beðum og milli gangstéttarhella, sópa, snyrta gras í kringum listaverkin og tína rusl. Starfsmenn fundu stundum áhugaverða hluti í beðunum, til dæmis frísbídisk og 3 kílóa handlóð. Hópurinn fékk nestisaðstöðu í geymslu í kjallara hússins og aðgang að kaffi á safninu. Verkfærin sem safnið útvegaði voru öll beygluð og brotin þannig að erfitt var að nota þau.

Skógræktarfélag Reykjavíkur - Esjan

19.-23. júní, 27.-30. júní

Þessa daga starfaði flökkuhópurinn við rætur Esjunnar og í Esjuhlíðum. Fyrri vikuna hélt hópurinn upp í fjall þar sem hann gerði lagfæringar á stígnum og hreinsaði yfirborðsræsi sem liggja þvert yfir stígin á nokkrum stöðum. Esjustígurinn er ein fjölfarnasta gönguleið landsins



og er ekki rekinn með miklu fjármagni. Þannig munar Skógræktina mikið um störf hópsins. Í lok vikunnar plantaði flökkuhópurinn trjám í hlíðum Esjunnar. Seinni vikuna hélt hópurinn þrjá daga í röð hátt upp í fjall með áburð og grasfræ. Því var sáð í Einarsmýri þar sem hefur orðið mikið jarðvegsrof eftir göngugarpa. Fjórða daginn var of mikil rigning til að hægt væri að fara alla leið upp í fjallið þar sem ekkert

skjól er svo hátt uppi til að nota sem nestisaðstöðu. Því var haldið í Heiðmörk þar sem flökkuhópurinn lagði Heiðmerkurhópnum lið við að planta trjám.

Völuteigur

10.-18. Júlí

Flökkuhópurinn starfaði í rúma viku á lóð Landsvirkjunar í Völuteig í Mosfellsbæ. Þar tók hópurinn mikið magn af gróðri úr beði sem á að breyta. Einnig var tínt rusl og planið var sópað. Eitt stærsta verkefnið á staðnum var að mála tvo gáma en vegna þess hve rigndi mikið náðist ekki að klára það. Það þurfti líka að bera viðarvörn á stóra kerru en það var hægt að gera innandyra svo rigningin hafði ekki áhrif á það. Það hefði



verið mjög hentugt ef aðgangskort verkstjóra hefði virkað á dyrnar á staðnum en stundum þurfti að komast inn að sækja eitt og annað.

Toppstöðin

19.-24. júlí

Toppstöðin í Elliðaárdal var næsti viðkomustaður. Þar hélt flökkuhópurinn áfram með verkefni síðasta árs, að taka til og þrifa innan stöðvarinnar. Það þurfti að ryksuga, skúra og þurrka af í túrbínusal stöðvarinnar. Einnig þurfti að sparsla og mála anddyri og baðherbergi í húsinu. Meðal annarra verkefna var að sópa stéttina fyrir framan bygginguna, mála yfir veggjakrot og þrifa rúður. Síðasta daginn var grillað fyrir flökkuhópinn.

Skógræktarfélag Reykjavíkur – Heiðmörk

26.-28. júlí

Þessum sólríku dögum eyddi flökkuhópurinn í stígagerð í Garðarbæjarhluta Heiðmerkur. Verið var að gera upp gamlan stíg. Í hann var bætt mól og klipptar voru greinar sem höfðu vaxið langt inn á stíginn síðustu ár. Hópurinn fékk til afnota lítinn skúr með kamínu en vegna þess hve hlýtt var úti var skúrin litið sem ekkert notaður.

Námskeið og viðburðir

Ungir stjórnendur

Í byrjun sumars sátu verk- og hópstjórar sumarvinnuhópanna tveggja daga námskeið í stjórnun. Farið var yfir hvernig stjórna eigi jafningjum, hvernig taka eigi á vandamálum sem upp geta komið og hvernig skapa eigi jákvætt andrúmsloft í vinnunni. Námskeiðið var haldið fyrir verk- og hópstjóra sumarvinnuhópa Landsvirkjunar um land allt og því gafst tækifæri til að miðla reynslu sinni af stjórnunarstörfum og eins læra af reynslu annarra. Námskeiðið var gagnlegt og skemmtilegt og er verkstjórahópurinn sammála um að það hafi nýst vel yfir sumarið.

Fyrsta hjálp

Skyndihjálparnámskeið var haldið fyrsta vinnudag sumarsins fyrir eldri sumarstarfsmenn og viku seinna fyrir þau sem bættust ný við hópinn. Námskeiðið var samansett af æfingu í grunnhæfni í fyrstu hjálp og viðbrögð við mögulegum slysum. Einnig fengu krakkarnir að æfa endurlífgun á dúkkum. Námskeiðið var áhugavert og námskeiðshaldarinn skilaði efninu vel til starfsmanna.

Hópefli

Hópefli var haldið tvisvar sinnum yfir sumarið, hvort skipti í hálfan dag.

Fyrra hópeflið var haldið miðvikudaginn 14. júní. Flökku- og Hafnarfjarðarhópurinn komu í Furulundinn í Heiðmörk þar sem var farið í leiki og grillað. Allt gekk vel nema hvað rútunum seinkaði mikið.

Síðara Hópeflið var haldið þriðjudaginn 11. júlí. Til stóð að halda það þann 12. júlí en dagsetningu var breytt vegna veðurs. Í fyrsta skipti í fjölmörg ár var ekki rigning meðan við



spiluðum lazer-tag. Búnaðurinn sem skemmtigarðurinn kom með virkaði ekki eins og skyldi sem olli því að sumir gátu ekki spilað jafn mikið og aðrir. Fæstir létu það þó á sig fá og stemmingin var prýðileg. Hefði mátt skipuleggja matinn betur, þar sem eitt og annað fór úrskeiðis í eldamennskunni. Til dæmis vantaði áhöld og mikil óreiða skapaðist í kring um grillið. Árið áður voru pantaðar pizzur og það hentaði mun betur. Rútan var aftur sein, bílstjórinn villtist og var 20 mínútum of seinn.

Athugasemdir eftir sumarið

Fatnaður

Nokkrar flíkur og skópör sungu sitt síðasta í sumar, enda komið að endurnýjun á sumum þeirra. Gæti verið kominn tími á að endurnýja skóbúnað algjörlega eða að hluta til. Uppástunga okkar er að kaupa stígvél. Þau myndi henta töluvert betur í plöntun, stígagerð og flest önnur verkefni. Gott væri þá að halda nokkrum pörum af skóm með stáltá á vinnustaðnum sem hægt væri að grípa til. Í lok sumars var gengið frá flíkum og talið ofan í poka og gerð skrá yfir fjölda. Þessa skrá má finna á sameiginlega drifinu.

Bílar

Bílarnir sem voru fengnir í ár hentuðu mjög vel fyrir sumarvinnuna, bæði pallbílarnir og rútan fyrir flökkuhópinn. Toyotan sem flökkuhópurinn hafði til afnota þurfti einu sinni að fara í viðgerð þar sem hurðin við bílstjórásætið lokaðist ekki almennilega. Starfsmenn bílaleigunnar kipptu því í liðinn fljótt og örugglega og án aukins kostnaðar. Fjarstýringin á bíllyklinum virkaði ekki og önnur rúðupurrkan á afturrúðunni datt af í sífellu. Starfsmenn bílaleigunnar voru látnir vita af þessu þegar bílunum var skilað.

Fyrstuhjálpartöskurnar frá því í fyrra fundust í byrjun sumars. Þær voru hafðar í bílum verkstjóra. Það mætti bæta í þær fleiri plástrum og hreinsiklútum eftir sumarið. Gengið var örugglega frá þeim í lok sumars með fötunum.

Aðstaða

Hópurinn í Hafnarfirði fékk, eins og fyrri ár, afnot af aðstöðu skógræktarfélagsins sem samanstendur af kofa þar sem er hægt að hengja af sér vinnuföt ásamt matsal með kæliskáp, samlokugrilli og örbylgjuofni. Sumarvinnustarfsmenn Landsvirkjunar og starfsmenn skógræktarfélagsins hjálpuðust að við að viðhalda þessari fínu aðstöðu í sumar.

Aðstaða fyrir flökkuhópurinn er mismunandi eftir stöðum. Það þarf að gæta að því að starfsmenn fái aðgang að viðeigandi aðstöðu á hverjum stað. Yfirleitt var aðstaða góð en á einstaka stað var henni ábótavant.

Heiðmerkurhópurinn fékk, líkt og á fyrri árum, tvo skúra sér til afnota. Annar þeirra hafði það hlutverk að geyma verkfæri og hlífðarföt og hinn var til staðar sem aðstaða til að borða í matarhléum eins og árið á undan. Vinnuskúrunum fylgdu margir lyklar, en nýverið var búið að skipta um lyklaskrárnar og fylgdi því aukalyklar. Síðar á sumrinu var einum skúr skipt út, en þá fékk verkstjórinn fleiri lykla, sem oft leiddi til ruglingslegra leita. Á einum tímapunkti fór lás matarskúrsins í baklås, með öllum starfshópnum innanverðum. Heppilegt var að hópurinn var í símasambandi og gat því verið í sambandi við verkstjóra, sem þá var staðsettur í H68 og þurfti að bruna uppeftir til þess að koma þeim til aðstoðar. Vandamálið með þann lás var leyst samdægurs og ný skrá var sett í skúrinn, atvikið endurtók sig ekki.

Rútur

Í ár var aftur gerður samningur við rútufyrirtækið Teit. Rúturnar hentuðu vel fyrir svæði líkt og Heiðmörk og Þöll. Verkstjórar eru sammála um það að hentugt væri að notast við GPS hnit og merkingar þegar verið er að sækja Heiðmerkurhópin. Í sumar komu upp seinkanir vegna lélegrar ratvísi bílstjóra og vegna lítilla samskipta milli bílstjóra og skrifstofu þeirra. Önnur hugmynd var að reyna að vera alltaf með sömu bílstjóra, sem eru kunnugri svæðinu. Þannig hefur fyrirkomulag þeirra verið síðustu ár en þá komu þessi vandamál ekki upp.

Samstarfsaðilar

Samstarfið við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar gekk frábærlega í sumar. Skipulagið var gott og verkefnin fyrir daginn voru ávallt tilbúin þegar starfshópurinn mætti til vinnu á morgnana. Starfsmenn skógræktarinnar voru alltaf tilbúnir að vinna með krökkunum og sýna þeim til verka og skapaðist góður andi milli starfsmanna beggja fyrirtækja.

Samstarfið við Skógræktarfélag Reykjavíkur gekk afar vel. Starfsmenn þar voru mjög jákvæðir í garð starfsmanna Landsvirkjunar og ef eitthvað vantaði, áhöld eða annað, var gengið strax í málið eða við fengum leyfi til að redda því sjálf. Skógræktin hafði greinilega breytt fyrirkomulagi þeirra varðandi skipulag, en í skýrslu umhverfishóps 2016 kom fram að oft hefði þurft að bíða eftir verkefnum, en svo var ekki í ár. Verkstjóra var kynnt hvaða svæði Skógræktin vildi láta planta á, en með því skipulagi vantaði aldrei verkefni. Skógræktarfélagið er afar þakklátt fyrir framlag Landsvirkjunar. Skógræktin sýndi einnig mikinn stuðning þegar veður- aðstæður urðu slæmar og gáfu hópnum verkefni innandyr.

Nafnalisti

Agnes Guðrún Magnúsdóttir	Helga Magnea Gestsdóttir
Alda Ægisdóttir	Hildur Iðunn Sverrisdóttir
Alexander Júlíus Benjamínsson	Hrefna Ásgeirsdóttir
Alexandra Rut Kjærnested	Jóhanna Helgadóttir
Arnhildur Tómasdóttir	Karítas Líf Óskarsdóttir
Atli Már Indriðason	Katrín Þórhallsdóttir
Atli Rúnar Arnarson	Kristín Fjóra Sigþórsdóttir
Atli Þórður Jónsson	Lárus Fannar Rafnarsson
Axel Sigurðarson	Magnús Konráð Sigurðsson
Baldvin Birnir Konradsson	María Árnadóttir
Benedikt Jens Arnarsson	Natan Máni Ólafsson
Berglind Una Guðlaugsdóttir	Nikola Colic
Bjarki Rósantsson	Páll Arnar Kandeh
Daníel Már Guðmundsson	Sara Rut Ýmisdóttir
Davíð Þór Torfason	Sigtryggur Einar Sævarsson
Ebba Björg Ísberg	Sindri Jóhannesson
Einar Freyr Bergsson	Soffía Stefánsdóttir
Elías Geir Óskarsson	Sólveig Rósa Hugadóttir
Eva Björk Sverrisdóttir	Tayo Örn Norðfjörð
Eva Huld Dagsdóttir	Tristan Ingi Ragnarsson
Guðjón Darri Garðarsson	Úlfar Smári Jónsson
Guðmundur Freyr Ellertsson	Valtýr Már Michaelsson
Guðmundur Jóhannesson	Viktor Gabríel Friðriksson
Gunnar Sigurðsson	Þóra Óskarsdóttir
Hafsteinn Magnússon	Þórdís Helga Ásgeirsdóttir
Heimir Marel Geirsson	

11. ágúst 2017

Hlynur Hugi Jónsson, Ríkarður Már Ellertsson
og Þórdís Ylfa Viðarsdóttir



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

